

Skjal nr:	VLR0019
Útgáfa:	02/2014
Dags:	23.10.2014
Samþykkt	Ríkislögreglustjóri
Síða:	1 af 3

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

VERKLAGSREGLA



Fagráð lögreglunnar sem tekur til umfjöllunar mál er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar

Tilgangur, markmið og umfang	Að starfsfólk lögreglu sem verður fyrir beinni og óbeinni mismunun, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og einelti hafi aðgang að aðilum sem eru óháðir lögreglunni. Í samræmi við mannauðsstefnu lögreglunnar er slík hegðun ekki liðin og litin alvarlegum augum, en í lögreglunni er lögð áhersla á samheldni, traust og góðan starfsanda. Fagráðið mun taka við, meta, koma í viðeigandi farveg og fylgja eftir tilkynningum sem ráðinu berast og tryggja að þær fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt verklagsreglum fagráðs og landslögum.
Ábyrgð:	Fagráð lögreglunnar
	<p>Reglur um meðferð mála er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar nr. 1.</p> <p style="text-align: center;">1.gr. <i>Gildissvið.</i></p> <p>Reglur þessar gilda fyrir alla starfsmenn lögreglu.</p> <p style="text-align: center;">2.gr. <i>Orðskýringar.</i></p> <ol style="list-style-type: none"> <i>Bein mismunun:</i> Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar af gagnstæðu kyni við sambærilegar aðstæður. Sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. <i>Óbein mismunun:</i> Þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlæt看legt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. <i>Kynbundin áreitni:</i> Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða tákna. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt. Sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. <i>Kynferðisleg áreitni:</i> Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða tákna. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt. Sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

5. *Kynbundið ofbeldi*: Ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi. Sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
6. *Einelti*: Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Sbr. reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum nr. 1000/2004.

3.gr.

Fagrád lögreglunnar.

Jafnréttisnefnd lögreglunnar starfrækir fagrád lögreglunnar. Fagrád skal skipað fimm einstaklingum, það er sérfræðingi í jafnréttismálum, tilnefndum af Jafnréttisstofu, tveir ráðsmenn skulu vera lögfræðingar að mennt, annar þeirra er formaður ráðsins, og tveir fagaðilar menntaðir sálfræðingar, félagsráðgjafar, læknar eða hafa sambærilega menntun. Fagráðið skal skipa einn meðlim þess sem ritara. Sjá nánar um hlutverk hans sbr. 5.gr. Fagráðið er starfhæft og ályktunarbært þegar þrír ráðsmenn þess, a.m.k. einn lögfræðingur og einn sálfræðingur eða fagaðili með sambærilega menntun, sitja fund.

Ríkislögreglustjóri skipar í fagrád lögreglunnar að fengnum tilnefningum frá jafnréttisnefnd lögreglunnar. Fagráðið er skipað til tveggja ára í senn. Jafnréttisnefnd lögreglunnar setur fagráðinu reglur um vinnulag og skilgreinir með hvaða hætti það kemur að úrlausn þeirra mála sem upp koma.

Að ósk lögregluembættis eða annarra hlutaðeigandi aðila, tekur fagráðið til umfjöllunar þau mál er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar. Allar tilkynningar til fagráðsins skulu berast skriflega, með bréfi eða með tölvupósti á netfangið fagrad@logreglan.is og skulu erindin auðkennd „Fagrád lögreglunnar“. Ef grunur leikur á refsiverðri háttsemi starfsmanns þá sendir fagráðið eða lögreglustjóri ríkissaksóknara málið til meðferðar skv. reglum 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 6. gr. laga nr. 29/1998.

Fagrád tekur ekki til meðferðar tilkynningar sem berast ráðinu síðar en þremur mánuðum eftir að tilkynnandi lét af störfum hjá lögreglunni. Þá tekur fagrád ekki til meðferðar tilkynningar sem beinast gegn einstaklingum sem hættir eru störfum hjá lögreglunni. Þó skal heimilt að víkja frá skilyrðum þessarar málsgreinar ef viðkomandi hefur sótt um starf hjá lögreglunni eða verið kallaður til afleysingastarfa.

4.gr.

Hlutverk og markmið fagráðsins er eftirfarandi:

- a. Að taka við, meta, koma í viðeigandi farveg og fylgja eftir tilkynningum sem ráðinu berast sem varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi eða einelti innan lögreglunnar og tryggja að þær fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt verklagsreglum fagráðs og landslögum.
- b. Að taka við tilkynningum þolanda og leiðbeina þeim um málsmeðferð.

- c. Að vera ríkislögreglustjóra og lögregluembættunum til ráðgjafar um mál er tengjast beinni og óbeinni mismunun, kynbundinni áreitni, kynferðislegrí áreitni, kynbundnu ofbeldi og einelti.
- d. Að meta hverju sinni hvort þörf sé á aðstoð eða ráðgjöf annarra fagaðila.
- e. Að meta árangur verklagsreglna og koma með tillögur til úrbóta ef með þarf.

5.gr.

Um afdrif eða lok máls hjá fagráði lögreglunnar.

Þegar tilkynnt mál er verulegum vandkvæðum bundið eða ljóst að frekari athuganir muni ekki bera árangur skal fagráðið hætta frekari meðferð þess. Þegar fagráðið hefur komist að niðurstöðu skal það skila skýrslu til viðkomandi lögreglustjóra. Ritari fagráðsins skal halda málabók. Heildarfjöldi mála, kyngreint, skal skila til jafnréttisfulltrúa lögreglunnar, 1.febrúar ár hvert.

Fagráð sendir viðkomandi lögreglustjóra skýrslu með tillögu um beitingu agaviðurlaga eða aðrar löglegar ráðstafanir á grundvelli stjórnunarheimilda.

Mál er sent til fyrirsagnar veitingavaldshafa ef alvarleiki þess er það verulegur að til álita kemur að veita hlutaðeigandi starfsmanni lausn frá embætti.

Þegar ákvörðun um afdrif máls hefur verið tekin hjá fagráði skal ætíð tilkynna það málsaðilum skriflega. Jafnframt skal viðkomandi lögreglustjóri upplýstur um ákvörðun fagráðsins.

6.gr.

Um gildi laga að öðru leyti.

Um meðferð máls hjá fagráði gilda ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og laga um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna nr. 10/2008 svo og önnur landslög, eftir því sem við getur átt.

7.gr.

Kostnaður við starfrækslu fagráðs lögreglunnar.

Kostnaður við starfrækslu fagráðs og talsmanna, svo og annar kostnaður sem hlýst af verklagsreglum þessum, skal greiddur af ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 23.október 2014.

Ábyrgðaraðili:

Ríkislögreglustjóri